

Fundargerð 17. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 7. október 2015 kl. 10.00

Dagskrá:

1. Staðfesting stýrihóps á sóknaráætlunum og áhersluverkefnum landshluta.
2. Fundir stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga um framkvæmda samninga.
3. Önnur mál

Mættir: Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Pétur Berg Matthíasson (FJR), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Björn Helgi Barkarson (UAR), Elvar Knútur Valsson (ANR), Inga Birna Einarsdóttir (VEL), Karl Björnsson (sambandinu), Unnur Orradóttir Ramette (UTN) og Þór G. Þórarinsson (VEL).

Fundargerð 16. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Formaður setti fundinn og bauð Sigurð Guðmundsson frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu velkominn í stýrihópinn, en hann tekur sæti Péturs sem hverfur til annarra starfa. Pétri var þakkað samstarfið.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Staðfesting stýrihóps á sóknaráætlunum og áhersluverkefnum landshluta

Umræðu frá síðasta fundi framhaldið. Verkefnisstjóri hafði óskað eftir við landshlutasamtökin að við lokafrágang og skil verkefnanna til staðfestingar stýrihópsins liggi fyrir verkefnalýsingar, að markmið séu skýr og að tilvísanir í tengsl hvers verkefnis við sóknaráætlun séu greinileg. Þá var farið yfir þessi atriði á fundum stýrihóps og landshlutasamtakanna í september.

Fyrirliggja upplýsingar frá öllum landshlutum um áhersluverkefni. Alls eru verkefni 35 og heildarframlag úr sóknaráætlunum til þeirra er 178.234.000. Verkefni eru á bilinu eitt til átta í hverjum landshluta.

Stýrihópurinn staðfestir að sóknaráætlunir og áhersluverkefni landshluta uppfylli ákvæði samninga um sóknaráætlunir landshluta.

Rætt var um framsetningu áhersluverkefna og ákveðið að fyrir næstu skil landshlutasamtaka á áhersluverkefnum fylgi skýrari leiðbeiningar frá stýrihópnum, sérstaklega hvað varðar framsetningu markmiða og árangursmælikvarða og að leiðbeiningunum fylgi tilbúið sýnidæmi.

2. Fundir stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga um framkvæmda samninga

Samningar um sóknaráætlunir landshluta kveða á um að fulltrúar stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga fundi árlega um framkvæmd samningsins á grundvelli sóknaráætlunar landshlutans. Þegar

hefur verið fundað með sjö af átta landshlutasamtökum og hafa fundirnir farið fram í hverjum landshluta. Áttundi og síðasti fundurinn verður 9. október nk.

Formaður og verkefnisstjóri hafa mætt á alla fundina og fulltrúi innanríkisráðuneytis hefur mætt á þrjá fundi. Aðrir fulltrúar hafa mætt á einn fund eða engan. Formaður sagðist sakna þess að ekki hafi verið meiri þátttaka frá fulltrúum stýrihópsins. Þátttaka frá landshlutasamtökunum var almennt mjög góð, en auk starfsmanna sem vinna að framkvæmd sóknaráætlunar mættu oft en ekki meirihluti stjórnar landshlutasamtakanna.

Fundirnir hafa verið mjög gagnlegir. Formaður og verkefnastjóri fóru yfir það helsta sem fram kom á þeim. Á öllum fundunum hefur komið fram að mikilvægt er að tryggja aukið fjármagn til sóknaráætlana, ef markmið samningsins eiga að ná fram að ganga og viðhalda eigi trúverðugleikanum. Af öðrum atriðum sem rædd voru á fundunum má nefna upplýsingaskil landshlutasamtaka til stýrihóps og Byggðastofnunar, greiðsluflæði frá Byggðastofnun til landshlutasamtaka, samþættingu sóknaráætlunar og annarra opinberrar stefnumótunar, þar með talið byggðaáætlun, þjónustu ríkisstofnana í landshlutunum og hugmyndir um að kynna sóknaráætlunir fyrir ráðuneytum og ríkisstofnunum.

3. Önnur mál

a) Ráðstefna um sóknaráætlunir landshluta

Rædd var hugmynd að efna til ráðstefnu um sóknaráætlunir landshluta vorið eða haustið 2016. Vel var tekið í hugmyndina.

b) Tillögur Norðvesturnefndar

Fulltrúi forsætisráðuneytis upplýsti að áætlað er að 25 tillögur Norðvesturnefndarinnar fari fyrir ríkisstjórn þann 9. október, en þær hafa verið til umsagnar í fagráðuneytum.

c) Samráðsfundur landshlutasamtaka og stýrihóps

Stefnt að því að halda samráðsfund stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga föstudaginn 13. nóvember 2015 í Reykjavík.

d) Næsti fundur stýrihóps

Næsti fundur stýrihóps ákveðinn miðvikudaginn 28. október kl. 10.00-12.00 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.45.